

Fundur haldinn 18.04. 2018 kl. 11:00 í Hermes. Mættir: Jón Þórðarson formaður, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Sigurbjörn Marinósson. Formaður stjórnar setti fund og stýrði honum.

Dagskrá fundarins.

1. Erindi frá Brú lífeyrissjóði v. uppgjors og breytinga á A-deild sjóðsins.
 2. Erindi frá Fjarðabyggð vegna umsagnar um ráðningu atferlisfræðings.
 3. Ályktun frá SSA til stjórnar SKA þess efnis að stoðþjónusta við leik- og grunnskóla á svæðinu verði eflid.
 4. Persónuverndarmál.
 5. Önnur mál.
-
1. Forstöðumaður kynnti erindi frá Brú lífeyrissjóði með tillögu að uppgjóri vegna starfsmanna Skólaskrifstofu Austurlands sem hafa átt aðild að A-deild sjóðsins. Forstöðumaður hefur gert athugasemdir við tillöguna og óskað eftir endurskoðun. Málið hefur verið á borði sjóðsins síðan, óafgreitt en búast má við niðurstöðu á næstunni.
 2. Bæjarráð vísaði eftirfarandi tillögu starfshóps á fjölskyldusvið Fjarðabyggðar til framkv.stj. SKA til umsagnar:
Sveitarfélagið Fjarðabyggð ráði inn á fjölskyldusvið atferlisfræðingur til þess að fræða og styrkja starfsfólk í að mæta ólíkum þörfum nemenda. Atferlisfræðingurinn gæti einnig verið ráðinn inn á Skólaskrifstofu Austurlands. Kostnaður er áætlaður um 9 milljónir ef Fjarðabyggð er eitt um að ráða, en ef Skólaskrifstofa Austurlands ræður skiptist kostnaður á sveitarfélögin hér eystra og hlutur Fjarðabyggðar yrði um 4,5 milljónir.
Framkv.stjórn SKA ræddi málið og vill skoða það í samhengi við lið 3 hér í fundargerðinni.
 3. Eftirfarandi ályktun barst frá aðalfundi SSA og var kynnt:
Stoðþjónusta leik- og grunnskóla
Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 leggur áherslu á mikilvægi þess að stoðþjónusta leik- og grunnskóla á svæðinu verði eflid og beinir því til stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands að taka málið til skoðunar í samráði við fulltrúa fræðslu- og félagsþjónustusviða sveitarfélaganna með það að markmiði að leitað verði leiða til að auka þau úrræði sem skólafunnum, nemendum og forráðamönnum standa til boða.
Forstöðumaður fór yfir stöðu mála hjá sálfræðiþjónustu SKA. Biðlisti er enn til staðar þó að nokkuð hafi áunnist frá hausti. Annar sálfræðingur SKA hefur verið í veikindaleyfi en er að koma til vinnu á næstunni. Framkv.stjórn felur forstöðumanni að ræða við félagsmálastjóra svæðisins og fræðslustjóra um frekara samstarf og samvinnu um að auka sálfræðiþjónustu SKA. Ávinningurinn verði að stytta biðlista og fyrr verði hægt að grípa inn í þegar þörf er á í samræmi við áherslur sveitarfélaganna.
 4. Forstöðumaður gerði grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið við undirbúning nýrra laga um persónuvernd. Ekki hefur verið tilnefndur persónuverndarfulltrúi en til stendur að leita samstarfs við það.

5. Önnur mál.

Forstöðumaður greindi frá tillögu Þjónustuhóps SKA um samræmingu á nýrri gjaldskrá v. stuðningsfjölskyldna. Þá greindi forstöðumaður frá að SKA hefur fengið vilyrði fyrir kr. 666.000,- úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að halda endurmenntunarnámskeið n.k. haust.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.12:15

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson